



Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins varðandi uppbyggingu á Vesturbugt.

Á fundir borgarráðs 23. ágúst 2018 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins varðandi uppbyggingu í Vesturbugt.

„Þann 18. apríl 2017 var skrifað undir samning um uppbyggingu á 176 íbúðum auk verslunar- og þjónustuhúsnæði á gamla Slippsvæðinu nú Vesturbugt. Áætlað var að Reykjavíkurborg myndi kaupa 74 íbúðir og selja áfram til félaga sem eru rekin án hagnaðarsjónarmiða. Framkvæmdir áttu að hefjast innan 15 mánaða frá undirskrift og ljúka innan 5 ára. Hvernig stendur þetta verkefni?“

Umsögn skrifstofu eignar og atvinnuþróunar:

Lóðunum Hlésgata 1 og 2 í Vesturbugt var ráðstafað með sérstökum samningi dags 18. apríl 2017 til Vesturbugtar ehf. að undangengnu samkeppnisútboði og viðræðurferli við þá aðila sem lögðu fram tilboð. Á grundvelli samningsins er nú búið er að úthluta formlega til Vesturbugtar ehf. lóðinni Hlésgata 1 og félagið hefur greitt gatnagerðargjald.

Sérstök samráðsnefnd lóðarhafans og Reykjavíkurborgar var skv. 3. gr. samnings aðila falið að vinna að þróun og nánari útfærslu tilboðsgagna, teikninga og framkvæmd samningsins á milli aðila í samræmi við útboðsskilmála samkeppnisviðræðnanna.

Lóðarhafi vinnur nú að fjármögnun og hefur fengið framlengdan frest til að hefja framkvæmdir til mánaðarmótanna janúar/febrúar 2019.

Óli Jón Hertervig